

Ágúst 2021



# Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaþjónustu

- til ársins 2025

Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið



**Útgefandi:**

Heilbrigðisráðuneyti

Ágúst 2021

hrn@hrn.is

www.hrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Heilbrigðisráðuneyti

© 2019 Heilbrigðisráðuneyti

ISBN 978-9935-515-11-7

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>5</b>
<b>1. Forysta til árangurs.....</b>	<b>6</b>
1.1 Stofnuð miðstöð um bráðaþjónustu og sjúkraflutninga (MBS) sem verði samræmingaraðili sjúkraflutninga og bráðaþjónustu á vettvangi slysa og veikinda.....	6
<b>2. Rétt þjónusta á réttum stað .....</b>	<b>7</b>
2.1 Þjónustuviðmið tilgreini hvaða þjónusta skuli veitt á hverjum stað og innan hvaða tímamarka .....	7
2.2 Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur teknar í notkun .....	7
2.3 Faglegur stuðningur læknis tryggður á vettvangi með aðstoð fjartækni .....	7
<b>3. Fólkioð í forgrunni .....</b>	<b>9</b>
3.1 Viðhaldspjálfun starfsfólks í sjúkraflutningum tryggð í tengslum við starfsemi heilbrigðisstofnana eða annarra þjónustuveitenda .....	9
3.2 Hermisetur (SIMbulance) tekið í notkun .....	9
3.3 Boðið upp á sérstaka viðbótarmenntun fyrir heilbrigðisstarfsfólk (annað en bráðatækna) sem kemur að bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa.....	9
3.4 Lagt mat á ávinnung þess að koma námi í sjúkraflutningum (grunn- og framhaldsnámi) inn í formlega skólakerfið .....	10
3.5 Lagt mat á ávinnung þess að bjóða upp á nám bráðatækna (paramedics) hérlendis.....	10
<b>4. Virkir notendur.....</b>	<b>11</b>
4.1 Nærsamfélagið á hverjum stað virkjað í bráðaviðbragði til að auka líkur á góðri útkomu ....	11
4.2 Tryggð góð upplýsingagjöf til almennings í tengslum við fyrstu viðbrögð.....	11
4.3 Reglulegt mat notenda á þjónustu sem tengist bráðaviðbragði og sjúkraflutningum .....	11
<b>5. Skilvirk þjónustukaup .....</b>	<b>12</b>
5.1 Þjónustuviðmið stýri skipulagi á þjónustu á hverju svæði fyrir sig .....	12
5.2 Val á rekstraraðilum gagnsætt og þjónustusamningar geri ráð fyrir sveiflum í þjónustunni .....	12

5.3	Endurnýjun á búnaði og bifreiðum skv. viðbragði, þarfamati, auk þess sem lagt verður mat á fjölda og dreifingu um landið .....	12
5.4	Kannaðir möguleikar á að nýta einfaldari bifreiðar og áhafnir til almennra flutninga þar sem því verður við komið í stað fullbúinna sjúkrabifreiða .....	13
<b>6.</b>	<b>Gæði í fyrirrúmi .....</b>	<b>14</b>
6.1	Vinnuferlar uppfærðir skv. alþjóðlegum klínískum leiðbeiningum.....	14
6.2	Eftirfylgd með samræmdum gæðavísum hjá öllum þjónustuaðilum sjúkraflutninga á landinu .....	14
<b>7.</b>	<b>Hugsað til framtíðar.....</b>	<b>15</b>
7.1	Þjónustuveitendur sjúkraflutninga innleiði tækni sem styður við notkun fjarheilbrigðislausna á vettvangi sem eykur m.a. möguleika á því að hægt sé að sinna betur bráðveikum þegar fyrsta hjálp mætir á staðinn .....	15
7.2	Tengsl og samvinna stofnana og rekstraraðila sem sinna sjúkraflutningum styrkt.....	15
7.3	Stefnt að notkun sjálfbærra sjúkraflutningatækja .....	16

# Inngangur

Í október 2019 skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2023. Hlutverk hópsins var að móta tillögur að framtíðarskipulagi sjúkraflutninga á Íslandi í samræmi við nýsamþykta heilbrigðisstefnu. Markmið hópsins var að skila tillögum um miðlæga stjórnun og samhæfingu sjúkraflutninga, menntun og þjálfun, þjónustuviðmið, nýtingu fjarheilbrigðistækni og endurskoðun á greiðslufyrirkomulagi. Málefni sjúkraþyrlu voru undanskilin hlutverki hópsins. Hópurinn skilaði ráðherra [tillögu að stefnu](#) og [drögum að þjónustuviðmiðum](#) í byrjun árs 2020.

Fagráði sjúkraflutninga er ætlað að veita heilbrigðisráðuneytinu ráðgjöf um fagleg málefni sem varða sjúkraflutninga skv. reglugerð 262/2011. Ráðuneytið hefur þegið aðstoð fagráðs við að forgangsraða þeim áherslumálum sem tilgreind eru í áætluninni en fagráðið er skipað fulltrúum sem hafa ólíka aðkomu að þjónustunni og er því vel til þess fallið að meta slíkt á breiðum grunni.

Eftirfarandi aðgerðaáætlun um sjúkraflutninga og bráðaþjónustu til næstu fimm ára er ætlað að vera upptaktur á þeirri vegferð að efla og styrkja þjónustuna á landsvísu. Til þess að ná sem víðtækastri sátt um áætlunina var ákveðið að setja hana í opni samráð til að gefa haghöfum tækifæri til að hafa áhrif á lokaniðurstöðuna. Alls bárust 14 athugasemdir við drögin frá einstaklingum og fulltrúum stofnana sem allar voru teknar til skoðunar og áætluninni breytt eftir atvikum. Margar af þeim góðu ábendingum sem þar komu fram verða nýttar við útfærslu aðgerðanna þegar að framkvæmd kemur. Athugasemdirnar í heild má finna á vef samráðsgáttar.

Áætlunin er unnin af og á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis og samþykkt af heilbrigðisráðherra. Framkvæmd aðgerða og fjármögnun verkefna sem ekki eru hluti af núverandi fjármögnun þjónustuveitenda verða til skoðunar innan ráðuneytisins.

# 1. Forysta til árangurs

## Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Stjórnun og samhæfingu – Löggjöf um heilbrigðisþjónustu – Stjórnun og forystu – Siðferðileg viðmið og gildismat.

### 1.1 Stofnuð miðstöð um bráðaþjónustu og sjúkraflutninga (MBS) sem verði samræmingaraðili sjúkraflutninga og bráðaþjónustu á vettvangi slysa og veikinda

MBS tryggir samræmda faglega nálgun við framkvæmd sjúkraflutninga á landinu öllu þrátt fyrir aðkomu mismunandi rekstraraðila. Verkaskipting og ábyrgðarsvið þeirra aðila sem koma að sjúkraflutningum er skýr.

#### Mælanleg markmið

MBS tekin til starfa.

#### Ártal

2021-2025

## 2. Rétt þjónusta á réttum stað

### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi – þjónustustýringu og samspil þjónustustiganna þriggja til að tryggja öryggi, hagkvæmni og jafnræði – Öfluga sjúkraflutninga og þróun heilbrigðisþjónustu sem bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

### 2.1 Þjónustuvíðmið tilgreini hvaða þjónusta skuli veitt á hverjum stað og innan hvaða tímamarka

Öflug stiguð þjónusta sjúkraflutninga tryggir rétta bráðameðferð á vettvangi og skjótan flutning á sérhæft sjúkrahús þegar við á. Sjúkraflutningstæki og mannaflí staðsettur í samræmi við þarfagreiningu sem unnin er samhlíða. Náið samráð haft við nærsamfélagið á hverjum stað, t.d. sveitarfélög.

#### Mælanleg markmið

Viðmið um viðbragðstíma, heildarflutningstíma og stigun viðbragðs fyrir hvert landsvæði liggur fyrir.

#### Ártal

2021-2025

### 2.2 Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur tekna í notkun

Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur eru notaðar um allt land í sjúkraflutningum og bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa. Skýrslurnar eru notaðar til yfirsýnar og endurgjafar, ásamt gæðaeftirliti.

#### Mælanleg markmið

Rafrænar sjúkraflutningaskýrslur tekna í notkun um allt land.

#### Ártal

2021-2022

### 2.3 Faglegur stuðningur læknis tryggður á vettvangi með aðstoð fjartækni

Greiðar boðleiðir milli viðbragðsaðila á vettvangi sem eru beintengdir læknir í gegnum fjarskiptabúnað til að tryggja rétta meðferð við bráðar aðstæður og styðja við afgreiðslu á vettvangi án flutnings á sjúkrahús þar sem það á við. Greitt aðgengi að faglegum stuðningi við krefjandi aðstæður auðvelda mönnun heilsugæslustöðva í dreifbýli. Einnig er möguleiki á stuðningi við Neyðarlínuna. Þróun greiningarapps er hluti af vinnunni.

### **Mælanleg markmið**

Faglegur stuðningur bráðalæknis við sjúkraflutninga til staðar. Innleitt í stigum þar til stuðningurinn verður í boði allan sólarhringinn.

### **Ártal**

2021-2025

### 3. Fólkið í forgrunni

#### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Mannauð og gott og öruggt starfsumhverfi – Mikilvægi þess að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu fólk.

#### 3.1 Viðhaldsþjálfun starfsfólks í sjúkraflutningum tryggð í tengslum við starfsemi heilbrigðisstofnana eða annarra þjónustuveitenda

Aukin þátttaka sjúkraflutningsmanna og bráðatækna í klínískum störfum innan heilbrigðisstofnunar, ekki síst í smærri byggðarlögum. Lagt er til að sjúkraflutningamenn sinni ekki eingöngu útköllum heldur að þeir séu í tilteknu starfshlutfalli sem sé nýtt innan heilbrigðisþjónustunnar. Með þessu móti er unnt að veita bráðatæknum stærra hlutverk í heilbrigðiskerfinu, t.d. með heimsóknum og eftirfylgni (community paramedicine) auk starfa á bráðadeildum. Einnig er lagt til að ákveðin námskeið til endurmenntunar séu án endurgjalds fyrir starfsmenn.

##### Mælanleg markmið

Tilgreint starfshlutfall hjá hverjum þjónustuveitanda sem nýtt er til starfsþjálfunar.

##### Ártal

2022-2025

#### 3.2 Hermisetur (SIMbulance) tekið í notkun

Færnanlegt hermisetur skapar öllum aðgengi að verklegri þjálfun og hermiþjálfun, t.d. í formi hermisjúkrabíls að erlendri fyrir mynd.

##### Mælanlegt markmið

Hermisjúkrabíll tekinn í notkun.

##### Ártal

2021-2024

#### 3.3 Boðið upp á sérstaka viðbótarmenntun fyrir heilbrigðisstarfsfólk (annað en bráðatækna) sem kemur að bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa

Í náminu er tekin fyrir almenn vettvangsvinna og lögð áhersla á bráðaþjónustu á vettvangi. Horft er til samstarfs við Háskólann á Akureyri eða Háskóla Íslands.

**Mælanleg markmið**

Námsleið í boði fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem vill styrkja sig í bráðaþjónustu á vettvangi.

**Ártal**

2021-2025

### **3.4 Lagt mat á ávinnung þess að koma námi í sjúkraflutningum (grunn- og framhaldsnámi) inn í formlega skólakerfið**

Nú er nám í sjúkraflutningum á ábyrgð heilbrigðisráðuneytis, en ekki menntamálaráðuneytis eins og menntun annarra heilbrigðisstéttar. Uppfæra þarf námskrá sjúkraflutninganámsins sem nú er rekið innan Sjúkraflutningaskólans. Skilgreina þarf störfin, færnina, gera hæfnigreiningu og vinna starfaprófil. Slík endurskoðun býður upp á tækifæri fyrir sjúkraflutningamenn að fá námið metið til frekara náms.

**Mælanleg markmið**

Nám í sjúkraflutningum hluti af formlega skólakerfinu.

**Ártal**

2021-2025

### **3.5 Lagt mat á ávinnung þess að bjóða upp á nám bráðatækna (paramedics) hérlendis**

Aukin fagleg geta viðbragðsaðila eykur líkur á betri útkomu sjúklings. Erlendis er nám bráðatækna á háskólastigi og því rétt að skoða hvort ástæða sé til að koma á slíku námi hérlendis við íslenska háskóla.

**Mælanleg markmið**

Nám bráðatækna í boði við íslenska háskóla.

**Ártal**

2021-2025

## 4. Virkir notendur

### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Mannauð og gott og öruggt starfsumhverfi – Mikilvægi þess að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar með vel menntuðu, hæfu og áhugasömu fólk.

### 4.1 Nærsamfélagið á hverjum stað virkjað í bráðaviðbragði til að auka líkur á góðri útkomu

Styðja við umgjörð um samræmda skipulagða þjónustu vettvangsliða um landið og stuðning björgunarsveita, Rauða kross Íslands, slökkviliða og annarra aðila í nærumhverfi. Fjöldað verði námskeiðum fyrir vettvangsliða.

#### Mælanleg markmið

Skýrar leiðbeiningar um vinnu vettvangsliða liggur fyrir. Fjöldi vettvangsliða innan heilbrigðisumdæmis.

#### Ártal

2022-2023

### 4.2 Tryggð góð upplýsingagjöf til almennings í tengslum við fyrstu viðbrögð

Almenningur átti sig á því hvaða þjónusta er í boði og hvert á að sækja hana á hverjum stað. Tekin verði í notkun tækni, t.d. app, sem tengir viðkomandi við fagaðila eða neyðarsímverði.

#### Mælanleg markmið

Verklag og tæknilausn liggur fyrir.

#### Ártal

2022-2023

### 4.3 Reglulegt mat notenda á þjónustu sem tengist bráðaviðbragði og sjúkraflutningum

Notendur leggi mat á þá þjónustu sem þeir fá í sjúkraflutningum á mismunandi stigum og geti komið með tillögur að bættri þjónustu.

#### Mælanleg markmið

Þjónustuveitendur framkvæma reglulega þjónustukannanir.

#### Ártal

2021-2022

## 5. Skilvirk þjónustukaup

### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Kaup hins opinbera á heilbrigðisþjónustu – Fjármögnunarkerfi sem stuðla að gæðum og hagkvæmni veittrar þjónustu – Greiðsluþáttöku sjúklinga.

### 5.1 Þjónustuviðmið stýri skipulagi á þjónustu á hverju svæði fyrir sig

Setja fram þjónustuviðmið og árangursmælikvarða sem leggja grunn að skipulagi sjúkraflutninga í samningum. Kostnaðargreining skal liggja til grundvallar þjónustunni. Unnið í samráði við nærsamfélagið.

#### Mælanleg markmið

Þjónustuviðmið og árangursmælikvarðar (key performance indicators) liggja fyrir í tengslum við bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa.

#### Ártal

2021-2024

### 5.2 Val á rekstraraðilum gagnsætt og þjónustusamningar geri ráð fyrir sveiflum í þjónustunni

Val á rekstraraðilum í þjónustu sjúkraflutninga skal vera gagnsætt og opið og byggja á samanburði á gæðum og getu ekki síður en hagkvæmni. Þjónusta skal miðuð við að hægt sé að bregðast við breytingum á eftirspurn, ýmsum sveiflum og tímabundnum breytingum. Stöðugleiki þjónustunnar skal tryggður með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

#### Mælanleg markmið

Val á rekstraraðila í samræmi við lög um opinber innkaup og skilvirkt samningaferli.

#### Ártal

2021-2022

### 5.3 Endurnýjun á búnaði og bifreiðum skv. viðbragði, þarfamati, auk þess sem lagt verður mat á fjölda og dreifingu um landið

Kröfulýsing sjúkrabifreiða er hluti af samningi og er uppfærð reglulega af Sjúkratryggingum Íslands. Tegundir bíla og búnaðar taki mið að ólíkum aðstæðum um landið. Uppfæra skal búnað í bílunum eftir þörfum og tryggja að

hann létti störf sjúkraflutningamanna og fyrirbyggi álagsmeiðsli og auki öryggi og þægindi fyrir sjúklinginn.

**Mælanleg markmið**

Ný þarfagreining liggur fyrir. Tæki og búnaður í lagi á hverri starfsstöð.

**Ártal**

2021-2024

## 5.4 Kannaðir möguleikar á að nýta einfaldari bifreiðar og áhafnir til almennra flutninga þar sem því verður við komið í stað fullbúinna sjúkrabifreiða

Hætt er við að bráðir flutningar geti truflað starfsemi vegna almennra sjúkraflutninga og öfugt. Nýting sérhæfðra fullmannaðra sjúkrabíla til almennra sjúkraflutninga er óhagkvæm en þýðir að til staðar er geta til að takast á við stórar uppákomur.

**Mælanleg markmið**

Faglegt og fjárhagslegt mat á því hvort nýta megi einfaldari bifreiðar (ekki sjúkrabíla) og færra starfsfólk til almennra sjúkraflutninga.

**Ártal**

2021-2022

## 6. Gæði í fyrirrúmi

### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Gæði og öryggi – þróun gæðavísa sem sýna árangur þjónustunnar – Gæðaáætlun embættis landlæknis – Hvernig auka megi gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar.

### 6.1 Vinnuferlar uppfærðir skv. alþjóðlegum klínískum leiðbeiningum

Vinnuferlar fyrir sjúkraflutningamenn voru gefnir út árið 2006 en ábyrgð þeirra er á höndum yfirlæknis. Nauðsynlegt er talið að endurvinna leiðbeiningarnar frá grunni sem krefst vinnu ákveðinna aðila í ákveðinn tíma.

#### Mælanleg markmið

Uppfærðir vinnuferlar.

#### Ártal

2021-2022

### 6.2 Eftirfylgd með samræmdum gæðavísum hjá öllum þjónustuaðilum sjúkraflutninga á landinu

Gögnum er safnað um þjónustuna hvað varðar starfsemi, rekstur og faglega vinnu og þau notuð til gæðamats og sem grunnur að stöðugum umbótum. Enn fremur skal viðhafa virka rafræna atvikaskráningu og úrlausn atvika.

#### Mælanleg markmið

Miðlæg gagnaskráning um sjúkraflutninga á landsvísu er til staðar.

#### Ártal

2021-2022

## 7. Hugsað til framtíðar

### Í heilbrigðisstefnu er lögð áhersla á:

Vísindi, menntun og nýsköpun og margvísleg tækifæri á sviði heilbrigðisvínsinda – Mikilvægi þess að menntun heilbrigðisstéttu taki mið af íslenskum aðstæðum – Að ný tækni, ný lyf og nýsköpun á sviði heilbrigðisþjónustu sé metin og innleidd á kerfisbundinn hátt.

### 7.1 Þjónustuveitendur sjúkraflutninga innleiði tækni sem styður við notkun fjarheilbrigðislausna á vettvangi sem eykur m.a. möguleika á því að hægt sé að sinna betur bráðveikum þegar fyrsta hjálp mætir á staðinn

Byggðaþróun og þróun sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu leiðir óhjákvæmilega til aukinnar miðlægrar þjónustu á hátæknisjúkrahúsi landsins við bráðar uppákomur. Því er mikilvægt að koma sérhæfðu þjónustunni til landsmanna allra. Horfa skal til annarra þjóða, s.s. Norðurlandanna, varðandi reynslu og innleiðingu á nýrri tækni.

#### Mælanleg markmið

Búnaður og tækni til staðar í flutningstækjum sem gefa möguleika á fjarþjónustu.

#### Ártal

2021-2024

### 7.2 Tengsl og samvinna stofnana og rekstraraðila sem sinna sjúkraflutningum styrkt

Með hækkanzi aldri þjóðarinnar verður aukin þörf fyrir afgreiðslu tilfella á staðnum án flutnings á sjúkrastofnun. Með hækkuðu menntunarstigi sjúkraflutningsmanna og aukinni klínískri þjálfun fá þeir stærra hlutverk í heilbrigðisþjónustunni sem tengist ekki síst úrræðum í heilsugæslu. Heimsóknir og eftirfylgd sjúklinga í framhaldi af meðferð (community paramedics) eru úrræði sem gætu minnkað þörf fyrir komu á bráðamóttöku. Þá er samvinna þjónustuveitenda mikilvæg.

#### Mælanleg markmið

Verkferlar og samningar um samvinnu þjónustuveitenda liggja fyrir.

#### Ártal

2021-2023

## 7.3 Stefnt að notkun sjálfbærra sjúkraflutningatækja

Draga skal úr skaðlegum umhverfisáhrifum sjúkraflutninga eins og mögulegt er. Velja skal umhverfisvænan búnað og vörur sé möguleiki á slíku.

### Mælanleg markmið

Hlutfall umhverfisvænnar flutningstækja.

### Ártal

2021-2025

